


Frístundamiðstöðin Tjörnin

Starfsáætlun 2025- 2026

Látum Draumana rætast



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit:



Inngangur	3
Skipurit Tjarnarinnar	4
Leiðarljós/gildi Tjarnarinnar	5
Framtíðarsýn	5
Hlutverk	5
Gildi	5
Stutt greinargerð framkvæmdastjóra	6
Helstu verkefni á árinu	6
Ánægt starfsfólk	8
Fræðsla og símenntun	9
Mikil þátttaka og ánægja með starfið	10
Framsækið fagstarf	10
Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar	12
Umbætur	14
Áskoranir, markmið og aðgerðir	15
Frístundamiðstöð	15
Frístundaheimili	16
Félagsmiðstöðvar	22
Þróunarverkefni og áherslur starfsársins	26
Samstarf	26
Jafnréttisáætlun Tjarnarinnar	27

Ábyrgðarmaður: Guðrún Kaldal, framkvæmdastjóri Tjarnarinnar
Gefið út haustið 2025
Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur

Inngangur

Frístundamiðstöðin Tjörnin heyrir undir skóla- og frístundasviðs (SFS) og starfar eftir Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun. Frístundamiðstöðvarnar vinna jafnframt út frá Stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025, en leiðarljós hennar er að Reykjavíkurborg bjóði upp á fjölbreytta og heilsueflandi frístundaþjónustu sem hvetur til virkrar þátttöku, sköpunar og betra samfélags. [Starfsskrá frístundamiðstöðva SFS \(2015\)](#) er kjölfesta þess starfs sem fram fer á vegum frístundamiðstöðva og skipar veigamikinn sess, ásamt starfsáætlun ár hvert, við framkvæmd og skipulag frístundastarfs fyrir börn og unglinga í Reykjavík.

Til viðbótar við þessi stefnu skjöl sem frístundamiðstöðvarnar vinna eftir er tekið mið af lögum og reglugerðum, upplýsingum um þátttöku í starfinu, niðurstöðum kannana um starfið og rannsóknnum á stöðu barna og unglinga í hverfinu.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera starf frístundamiðstöðva markvissara með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf frístundamiðstöðvarinnar gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Starfsáætlunin tekur gildi 1. september 2025 og gildir til 31. ágúst 2026 og hægt er að nálgast hana á heimasíðu Tjarnarinnar www.tjornin.is.

Frístundamiðstöðin Tjörnin þjónustar íbúa í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum. Tjörnin hefur sitt níunda starfsár haustið 2025.

Frístundamiðstöðin heyrir undir skóla- og frístundasvið Reykjavíkur og rekur félagsmiðstöðvar og frístundaheimili í borgarhlutanum.

Íbúafjöldi í borgarhlutanum var 42.463 skv. heimasíður Reykjavíkurborgar. Tólf grunnskólar eru í hverfinu og barnafjöldi í 1. - 10. bekk er 4.322

Stjórnendateymi er skipað Guðrúnu Kaldal, framkvæmdastjóra, Gunnari Hrafni Arnarssyni, fjármálastjóra, Steinunni Gretarsdóttur, deildarstjóra barnastarfs, Andreu Marel deildarstjóra unglingastarfs. Stjórnendateymið hefur aðsetur í Vesturmiðstöð og tilheyrir skóla- og frístundaþjónustu þar. Heildarfjöldi starfsfólks er um 220 í 85 stöðugildum.

Frístundaheimili Tjarnarinnar eru Undraland, Skýjaborgir, Selið, Frostheimar, Halastjarnan, Draumaland og Eldflaugin.


Félagsmiðstöðvar Tjarnarinnar eru Frosti, 100og1, 105, Gleðibankinn, Hinsegin félagsmiðstöð S78 og Tjarnarinnar sem þjónustar allt höfuðborgarsvæðið.

Starfsáætlunarvinna hefst í janúar og er hún unnin í víðtækt samráði við þjónustuþega og starfsfólk. Starfsárið mun taka mið af því að innleiða ný lög um samþætta þjónustu við börn og fjölskyldur. Þau lög taka heildrænt á því að auka farsæld barna og á innleiðingartímanum er gert ráð fyrir að þjónusta og aðgengi íbúa að upplýsingum aukist til muna.

Einnig er stuðst við viðhorfskannanir sem lagðar hafa verið fyrir þjónustuþega og starfsfólk og ýmis konar skýrslur sem unnar eru um starfið.

Starfsstaðir frístundamiðstöðvarinnar gera sínar aðgerðaráætlanir út frá þessari starfsáætlun og er hægt að finna þær á heimasíðum starfsstaðanna. Aðgerðaráætlun hverrar starfseiningar er sett upp í svipuðu formi og skóladagatal til að foreldrar og forsjáraðilar geti fylgst með dagskránni hverju sinni.

Skipurit Tjarnarinnar



Leiðarljós/gildi Tjarnarinnar

Framtíðarsýn

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag.

Hlutverk

Að koma til móts við þarfir ólíkra einstaklinga, stuðla að alhliða þroska þeirra og búa þá undir virka þátttöku í lýðræðissamfélagi sem tekur örur breytingum.

Að sjá um rekstur frístundamiðstöðvarinnar, frístundaheimila og félagsmiðstöðva í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum eftir lögum, reglum og stefnum sem um starfið gilda.

Starf í takt við aðgerðaráætlun menntastefnunnar „Látum draumana rætast“ á að endurspegla grunngildi Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að menntun barns skuli beinast að því að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess með það að markmiði að búa það undir að lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi, í anda skilnings, friðar, gagnkvæmrar virðingar, mannréttinda og vinsemdar.

Tjörnin setur sér það markmið að vera framsækið afl í frístundamálum. Frístundamiðstöðvar leggja áherslu á að börnum og unglingum standi til boða frístundastarf sem hefur uppeldis- og menntunargildi sem tekur mið af aldri þeirra og þroska. Áhersla er lögð á virka þátttöku, reynslunám, lýðræði og mannréttindi. Sérstaklega er hugað að því að virkja einstaklinga sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning vegna fötlunar eða félagslegrar stöðu. Starf á vegum frístundamiðstöðva er í eðli sínu forvarnarstarf þar sem unnið er með viðhorf og atferli barna og unglinga í átt til heilbrigðs lífsstíls og virkni í samfélaginu.

Gildi

- ✓ **Fjölbreytileiki** - með opnum hug opnast dyr!
- ✓ **Umhyggja** - okkur er ekki sama!
- ✓ **Framsækni** - gott getur alltaf orðið betra!

Hver og einn starfsstaður vinnur áfram með þau gildi sem unnin eru í samráði við börn og unglinga.

Megináherslur
menntastefnu:

Félagsfærni
Sjálfsþekking
Læsi
Sköpun
Heilbrigði

Megináherslur
frístundastefnu:

Fjölbreytt og
skemmtilegt
Virk þátttaka
Jöfnuður
Fagmennska
Forvarnir og lýðheilsa

Megináherslur starfsskrár
frístundamiðstöðva:

Sjálfmynd
Umhyggja
Félagsfærni
Virkni og þátttaka

Stutt greinargerð framkvæmdastjóra

Helstu verkefni á árinu

Verkefni frístundaheimila og félagsmiðstöðva Tjarnarinnar eru mörg og fjölbreytt og í þessum kafla verður farið í gegnum helstu stefnur og gögn sem verefni starfsstaðanna taka mið af.

Verkefnið [Betri borg fyrir börn](#) samstarfsverkefni skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs sem snýr að því að innleiða lög um farsæld barna hefur sitt fjórða starfsár en gert er ráð fyrir að það taki fimm ár að innleiða ný lög um samþætta þjónustu fyrir börn og fjölskyldur. Stjórnendateymi Tjarnarinnar er staðsett á Vesturmiðstöð við Austurvöll er framundan er að koma miðstöðinni í ásættanlegt húsnæði sem verið er að leita að. Hlutverk BBB er að færa þjónustu í auknum mæli í skóla- og frístundaumhverfi barna og unglunga, veita viðeigandi stuðning og þetta samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs. Einnig er vinna í gangi varðandi að gera alla ferla og aðkomu að þjónustunni stafrænni.

Aðgerðaráætlun [Menntastefnu Reykjavíkurborgar](#) er rauður þráður í gegnum allt starfið og allar áætlanir staðanna vinna út frá henni.

Innleiðing á [lögum um samþætta þjónustu við börn og fjölskyldur](#) heldur áfram og nú að hefja sitt fjórða ár af fimm sem að áætlað var að það tæki að innleiða lögin. Lausnar-teymi eru starfandi í öllum grunnskólum þar sem tengiliður barns heldur utan um fagfólk sem að kemur að upplýsingumhverfi barnsins. Forstöðumenn eiga fast sæti í lausnar-teyminum.

[Stefna um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025](#) rennur sitt skeið um áramótin en meginstöðir hennar eru að bjóða upp á fjölbreytt og skemmtilegt frístundastarf með áherslu á almenna þátttöku og jafnt aðgengi. Fyrirhugað að leggja ríkari áherslu að útfæra þætti frístundastefnunnar sem hluta af menntastefnunni.

[Lýðheilsustefna Reykjavíkurborgar](#) er ofinn inn í allt starf Tjarnarinnar. Kjarninn í stefnunni er fjölga æviárum þar sem íbúar búa við góða heilsu og vellíðan. Hún hefur það markmið að skapa umhverfi og aðstæður sem auka jöfnuð, heilsu og hamingju þannig að allir borgarbúar hafi tækifæri á að njóta lífsins í borg þar sem þeim finnst gott að búa.

Tengt lýðheilsustefnunni er búið að gefa út [forvarnaráætlun](#) sem gildir út árið 2026.

Helstu áherslur forvarnaráætlunarinnar eru fjölbreytileiki, verndandi þættir og jákvæð samskipti, góð líðan og forvarnir gegn ofbeldi. Þá er tekið er mið af áherslum verkefnisins Betri borg fyrir börn þar sem horft er heildstætt á líf þeirra með mikilvægan stuðning eins og birtist í forvarnarstarfi. Forvarnarstarf fer fram í nánasta umhverfi barna og ungmenna þar sem skóla- og frístundastarf gegnir mikilvægu hlutverki. Miðstöðvar borgarhlutanna gegna lykilhlutverki við að tryggja samhæfingu og samstarf þeirra aðila sem styðja börn, ungmenni og foreldra þeirra í hverfum borgarinnar.

[Græna planið](#) er heildarstefna Reykjavíkurborgar sem dregur upp framtíðarsýn borgarinnar til ársins 2030 og tengir lykilstefnur og áætlanir borgarinnar við þá sýn. Með áherslu á umhverfi, efnahag og samfélag heldur Græna planið utan um fimmtán lykiláherslur sem virka sem sameiginlegt leiðarljós þvert á svið Reykjavíkurborgar. Menntastefna Reykjavíkur fellur að stórum hluta undir samfélagslega þáttinn, „borg fyrir fólk“ og er aðgerðaráætlun menntastefnunnar beintengd við áherslur græna plansins undir áherslunni [Látum draumana rætast](#).

Þegar það kemur að aðstöðumálum félagsmiðstöðva og frístundaheimila þá erum við ávallt að leita leiða til að bæta aðstöðu til fjölbreytts frístundastarfs og aðgengi. Að bæta aðstöðu starfsfólks og barna verður eitt af stóru málum starfsársins.

Forstöðumenn og deildarstjóri unglingastarfs hafa haft frumkvæði að samstarfi við opinbera aðila, félagasamtök og foreldra í borgarhlutanum til að bregðast við áhættuhegðun unglinga en ýmis teikn eru á lofti um að áhættuhegðun sé að aukast. Vettvangsstarf félagsmiðstöðva er virkt og Flotinn, flakkandi félagsmiðstöð starfaði allan veturinn.

Tjörnin stendur fyrir fjölskyldudagskrá í haustfrí og vetrarfrí grunnskólanna í Reykjavík. Sterk hefð er komin fyrir þeim viðburðum og mæting afar góð. Þegar dagskrá er skipulögð þá hafa forstöðumenn frumkvæði að samstarfi við sundlaugarnar í borgarhlutanum.

Tjörnninni hefur tekist vel að fá til starfa fagmenntaða tómstunda- og félagsmálafræðinga til að efla fagmennsku en þeir eru nú alls 15.

Flestar starfseiningar Tjarnarinnar hafa hlotið vottun sem [Réttindafrístundaheimili/félagsmiðstöð UNICEF](#). Komíð er að endurmati á einhverjum stöðum sem mun fara fram á frístundaárinu. Unnið er eftir vinnulíkani fyrir skóla- og frístundastarf sem tekur mið af Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og miðar að því að auka

Öll frístundaheimili og félagsmiðstöðvar hafa hlotið [Regnbogavottun](#). Markmiðið með Regnbogavottun Reykjavíkurborgar er að gera starfsemina hinseginvænni, bæði fyrir starfsfólk og þjónustubega og þannig koma í veg fyrir beina og óbeina mismunun í garð hinsegin fólks. Á starfsárinu verður verklaginu fylgt eftir og fræðslu hvað varðar hinsegin málefni verður haldið á lofti. Allt starfsfólk ber regnbogabönd til að votta að börn og unglingar eiga skjól hjá þeim.

Einelti er ekki liðið í frístundastarfinu, hvort sem umræðir í barna- og unglingahópnum eða í starfsmannahópnum. Unnið er eftir [Gátlista vegna eineltis | Reykjavík](#) þegar kemur að því að sporna gegn einelti í barna- og unglingahópnum og nýrri [EKKO stefnu](#) gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi í starfsumhverfinu. Einnig er unnið með vináttufærni í frístundaheimilum en það er aðferðarfræði sem notuð er til að draga úr líkum á að einelti eigi sér stað, að börnin einangrist eða lendi utan við jafningahópinn. Í félagsmiðstöðvum eru hópar kortlagðir út frá sambærilegri hugmyndafræði. Unnið er í samstarfi við verkefnastjóra forvarna gegn ofbeldi sem starfar miðlægt á skóla- og frístundasviði í tímabundinni ráðningu.

Í frístundastarfinu ríkir **fjölmennning** og samfélagið er fjölbreytt. Áhersla er lögð á að taka vel á móti nýjum fjölskyldum. Til eru verkferlar um móttöku og aðlögun og unnið er eftir móttökuáætluninni [Velkomin í hverfið þitt](#) þar sem samskipti við fjölskyldur eru settar í fastan farveg. Efling orðaforða, tjáning, samskipti og félagsfærni þar sem aðstoðað er við að aðlagast í nýju menningarumhverfi.

Einnig er unnið eftir fjölmenningarstefnunni [Heimurinn er hér](#).

Starfsstaðir Tjarnarinnar vinna eftir málstefnu þar sem lögð er áhersla á að styðja við íslenskt málumhverfi barna og unglinga, jákvætt viðhorf til íslenskrar tungu með málrækt að leiðarljósi. Unnið er í góðu samstarfi við Miðju máls og læsis.

Ungmennaráð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða er öflugt ráð ungmenna. Ráðið er leitt af starfsfólki Tjarnarinnar. Fulltrúar úr ungmennaráðinu eru hluti af Reykjavíkurráði ungmenna.

Frístundamiðstöðin Tjörnin er hluti af **heilsueflandi borgarhluta** ásamt öðrum starfsstöðvum borgarinnar í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum. Frístundamiðstöðin og hennar starfsstaðir hafa skuldbundið sig til að bjóða upp á heilsueflandi frístundastarf og leggja sitt af mörkum í að heilsuefla nærsamfélagið í samstarfi við aðrar stofnanir og félagasamtök í hverfinu. Áherslupættir samstarfsins eru næring, hreyfing, líðan og lífsstíll. Innleiðing á [fimm leiðum að vellíðan](#) verður verkefni starfsársins.

Foreldrasamstarf verður áfram einn af stóru áherslupáttunum í starfinu. Að ná enn frekar til foreldra og forráðamanna. Unnið er eftir gátlistum um foreldrasamstarf og áhersla verður á að kynna starfið vel og hafa upplýsingar aðgengilegar á vef. Foreldrakaffi, foreldrakynningar og

foreldraviðtöl eru hluti af starfinu. Foreldrarölt hefur náð ágætu flugi með aðstoð félagsmiðstöðva og foreldrar leita mikið til forstöðumanna félagsmiðstöðva varðandi margs konar mál. Forvarnarkynningar í samstarfi félagsmiðstöðva, grunnskóla og foreldrafélaga eru haldnar. Aukinn áhersla verður lögð á að ná til foreldrar barna með annan tungumála- og menningarbakgrunn.

Unnið er í viðtæku samstarfi í borgarhlutanum og meðal annars í takt við samstarfsyfirlýsingu vegna barna í viðkvæmri stöðu [samstarfsyfirlýsingu vegna barna í viðkvæmri stöðu](#).

Áfram verður áttak í forvörnum gegn ofbeldi, unglingadrykkju og vopnaburði. Aukið ofbeldi og unglingadrykkja er orðin vandamál sem að taka þarf á. Starfsfólk frístundamiðstöðvarinnar mun virkja til samstarfs þá sem að koma að uppeldisumhverfi barna og unglinga og vekja enn frekar athygli og verndandi þáttum í umhverfi þeirra.

Hverfissamráð leik- grunn og frí ásamt ráðgjöfum á barna- og fjölskyldudeildar var haldið annan hvern mánuð á síðasta starfsári og verður áfram haldið að styrkja bönd milli samstarfsaðila í borgarhlutanum. Það er farsældarteymi Vesturmiðstöðvar, Betri borg fyrir börn sem að heldur utan um samráðið.

VAXANDI er hluti af fræðsluáætlun og hugmyndafræði Tjarnarinnar. Lögð sérstök áhersla á að þjálfa starfsfólk í að efla félags- og tilfinningahæfni barna og unglinga, aðstoða þau við sjálfeflingu, þjálfa þrautseigju, hjálpa þeim að takast á við kvíða og álag. Markmið VAXANDI er líka að minnka álag í starfsmannhópnum og tryggja markvissa ráðgjöf og leiðsögn í starfi. Með verkefninu er verið að leggja inn fræðilegan grunn þannig að allir stjórnendur geti leitt sína starfsstaði og starfsfólk í því að vinna með félags- og tilfinningahæfi barna og unglinga þannig að velferð þeirra og líðan aukist. Áhersla verður sett á sértækt hópastarf í félagsmiðstöðvum þar sem unnið verður með þætti VAXANDI og í frístundaheimilum verður áhersla lögð á tilfinningastjórn og opið samtal um líðan. VAXANDI hlaut hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs vorið 2025 fyrir framsækið samstarfsverkefni.



Haldið verður áfram með áttak í upplýsingastreymi, allir upplýsingapóstar frá frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum eru nú sendir út bæði á íslensku og ensku. Allir starfsstaðir eru með virkar síður á samfélagsmiðlum þar sem upplýsingum er komið á framfæri. Breyting var á heimasíðum á árinu en þær innihalda nú eingöngu grunnupplýsingar um starfið.

Ánægt starfsfólk

Allir starfsstaðir Tjarnarinnar leggja áherslu á að kanna líðan starfsfólks og viðhorf til starfsumhverfisins og eru niðurstöðurnar nýttar til umbóta. Reykjavíkurborg kannar árlega viðhorf starfsfólks til vinnuumhverfis og gerir það í samstarfi við stéttarfélagið Sameyki í gegnum „Stofnuna ársins“ sem að Gallup leggur fyrir og er stærsta vinnustaðakönnun landsins.

Niðurstöður starfsstaða Tjarnarinnar voru mjög jákvæðar. Starfsfólk ber traust til stjórnenda og upplifir að það geti haft áhrif á störf sín. Árið 2023 hætti frístundamiðstöðin að taka þátt sem ein stofnun og nú tekur hver starfsstaður Tjarnarinnar þátt og allir komu mjög vel út. Frostheimar voru aftur í 2. sæti, Selið í 4.sæti og 105 í 5.sæti. Þessir staðir hlutu líka titilinn fyrirmyndarstofnun.

- ✓ Frístundaheimilið Frostheimar 4,8152.sæti og fyrirmyndarstofnun
- ✓ Frístundaheimilið Selið 4,807 í 4.sæti og fyrirmyndarstofnun

- ✓ Félagsmiðstöðin 105 4,794 í 5.sæti og fyrirmyndarstofnun
- ✓ Frístundaheimilið Undralandi 4,776
- ✓ Frístundaheimilið Skýjaborgir 4,775
- ✓ Frístundaheimilið Draumaland 4,738
- ✓ Félagsmiðstöðin Frosti 4,680
- ✓ Félagsmiðstöðin Gleðibankinn 4,518
- ✓ Félagsmiðstöðin 100og1 4,487
- ✓ Frístundaheimilið Halastjarnan 4,486
- ✓ Frístundaheimilið Eldflaugin 4,350

Hægt er að kynna sér betur niðurstöður könnunarinnar: [Aðaltafla 2024 - Borg og bær](#)

Fræðsla og símenntun

Fyrir ár hvert er búin til fræðsluáætlun sem gerð er eftir þarfagreiningu meðal starfsfólks. Fræðsluáætlun Tjarnarinnar innihélt fjölbreytta fræðslu sem að náði yfir allt starfsárið. Helsta áhersla á haustin er að vera með grunnfræðslu þar sem að nýtt starfsfólk fær góða þjálfun í starfsaðferðum í frístundastarfi og yfir veturinn er boðið upp á fræðslu í takt við stefnu um frístundastarf og menntastefnu.

Hverfasmiðjur BBB voru fimm á árinu og áhersla var lögð á forvarnir og farsæld barna, inngildingu og móttöku nýrra íbúa. Halldóru Geirharðsdóttur kom og var með fyrirlestur um úthald og áhuga á vinnunni, haldin var vinnustofa um börn í viðkvæmri stöðu og fjallað var um fjölmenningu og fjölbreytileika. Farsældarvikan var haldinn í febrúar.

Stjórnendahópurinn í félagsmiðstöðvum Tjarnarinnar fór í náms- og kynnisferð til Dublin í Írlandi í febrúar 2025. Ferðin var hluti að aðildarverkefni SFS hjá Erasmus. Markmið ferðarinnar var að kynna sér hvernig félagsmiðstöðvastarfi er háttað í Dublin og öðlast nýja þekkingu og reynslu sem nýtist til að auðga starfsemi félagsmiðstöðva í Reykjavík. Hópurinn heimsótti nokkrar áhugaverðar félagsmiðstöðvar og átti góð samtöl við þarlent fagfólk sem veittu mikinn innblástur. Hópurinn heimsótti einnig samtökin Youth Work Ireland og fékk þar innsýn inn í starfsemi sambærilegra landssamtaka og Samfés, samtaka félagsmiðstöðva á Íslandi.

Stjórnendur frístundamiðstöðva fóru með skrifstofu frístundamála á skóla- og frístundasviði til Skotlands að kynna sér Heillaspor(e. Nurture) í Glasgow. Þar tóku aðilar frá skosku menntamálamíðstöðinni á móti hópnum og kynntu þeim hugmyndafræðina. Einnig var farið í heimsóknir í skóla- og frístundastarf.

Stjórnendur í frístundaheimilinu Draumalandi og félagsmiðstöðvunum 100og1 og Hinsegin félagsmiðstöð ásamt framkvæmdastjóra fóru á þriggja daga námskeið í hugmyndafræði Heillaspora í Miðstöð menntunar og skólaþjónustu að vori 2024 og starfsfólk þessara staða fór á samskonar en styttra námskeið að hausti. Á starfsárinu var hugmyndafræði Heillaspora innleidd á þessa staði í samstarfi við MMS.

Deildarstjóri unglingastarfs og forstöðumanni í Hinsegin félagsmiðstöðinni var boðið af Samfés með í námsferð til Álaborgar ásamt fleira fagfólki víða af landinu. Þau kynntu sér starf fyrir unglinga og ungmenni með áherslu á forvarnir gegn ofbeldi og áhættu hegðun, þverfaglegt samstarf, fjölbreytta menningu og vettvangsstarf.

Deildarstjórar og stjórnendur í sértæku félagsmiðstöðvastarfi fóru í náms- og kynnisferð til Rotterdam í Hollandi í maí 2025. Ferðin var hluti að aðildarverkefni SFS hjá Erasmus. Markmið ferðarinnar var að kynnast því hvernig frístundastarfi fyrir börn og unglinga með fötlun er háttað í Rotterdam og kynna sér fleira tengt málaflokknum. Hópurinn heimsótti meðal annars fjölbreytt félagsstarf YMCA í Haag og fékk frábæra kynningu á hinu áhugaverða verkefni Impactpunct en verkefnið snýst um að greina þær áskoranir sem börn og unglingar mæta og bregðast faglega við út frá niðurstöðum rannsókna.

Forstöðumenn ásamt stjórnendateymi Tjarnarinnar fóru á námskeið til Nijmegen í Hollandi en ferðin var hluti af fræðsluáætlun Vaxandi. Námskeiði var haldið af Sóley Tómasdóttur, kynja- og fjölbreytileikafræðing og bar heitið „Jafnrétti, fjölbreytileiki og inngilding í frístundastarfi“. Stjórnendur lærðu um inngildandi hegðun, inngildandi vinnulag og inngildandi gildismat. Öráreiti, meðvituð hlutdrægni, sjálfvirk varnarviðbrögð og fleira var á dagskrá. Ferðin var styrkt af Sameyki í gegnum stofnanastyrk.

Forstöðumenn frístundaheimila fóru á námskeið í Hveragerði á vegum Erasmus+ áætlunarinnar sem gekk út á að minnka streitu í fagumhverfi frístundastarfs.

Stjórnendur félagsmiðstöðva tók þátt í starfsdögum Samfés sem haldnir voru í Varmalandi og aðalfundi Samfés sem fram fór á Stykkishólmi.

Framkvæmdastjóri tók þátt í aðalfundi Grunns, félags fræðslustjóra á landinu sem fram fór á Höfn í Hornafirði ásamt BBB farsældarteymum í Reykjavík og aðalfundi FLÆT, félagi íþrótta-, æskulýðs- og tómstundafulltrúa á landinu sem að fram fór á Húsavík.

Mikil þátttaka og ánægja með starfið

Starfið í borgarhlutanum einkenndist af mikilli þátttöku bæði í vetrar- og sumarstarfi.

Frístundaheimili Tjarnarinnar eru vel sótt, árið 2024-2025 voru 954 börn skráð í vetrarstarfið eða um 87% barna í 1. - 4. bekk. Í Hlíðum voru 82% börn skráð, í Vesturbæ 90% og í Miðborginni 79%. Þátttaka barna í 1. og 2. bekk í borgarhlutanum er 98%.

Félagsmiðstöðvar Tjarnarinnar eru vel sóttar nánast öll sem sækja 8.-10.bekk þekkja sína félagsmiðstöð og taka á einhvern máta þátt í starfinu. Síðasta vetur voru mælingar á þátttöku gerðar í gegnum Íslensku Æskulýðsrannsóknirnar og þá kemur fram að um 52% sækja félagsmiðstöð. Spurningarkönnunin er enn í þróun.

Framsækið fagstarf

Starfsfólk Tjarnarinnar hefur sýnt mikinn metnað og fengið marga styrki fyrir fjölbreytt og framsækin þróunarverkefni sem voru í gangi á árinu.

Verkefnið VAXANDI hlaut hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs sem samstarfsverkefni en verkefnið er unnið í samstarfi við menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Regnbogahlaupið þar sem að fjölbreytileikanum er fagnað með því að hlaupa undir regnbogans litum og jólamarkaður frístundaheimila þar sem að börn safna fyrir börn sem eiga minna. Hver frístundaheimili styrkir barn í gegnum UNICEF og fá þau fræðslu um starf UNICEF sem fram fer víða um heim.

Reykjavíkurborg stóð fyrir átaki undir formerkjunum Verum klár þar sem áhersla er lögð á jákvæð skilaboð til ungs fólks og aðstandenda þeirra um samveru og heilbrigðan lífstíl. Fyrir menningarnótt var ítrekað að foreldrar bera ábyrgð á börnum og unglingum mikilvægi samveru ítrekuð.

Fróðir foreldrar er samstarf foreldrafélaga í borgarhlutanum og aðila sem að vinna í uppeldisumhverfi barna. Samstarfið stóð tvisvar sinnum fyrir fræðslukvöldum á árinu, Hvar er barnið þitt- samfélagsmiðsmiðlar ,foreldrastillingar og leiðavísir um netheima og Uppeldiævintýri verndandi vegvísar.

Fjölskyldufjör, dagskrá fyrir fjölskyldur var bæði í haustfríi og vetrarfríi þar sem boð var upp á leik og gleði.

Allar félagsmiðstöðvar og frístundaheimili Tjarnarinnar tóku þátt í Barnamenningarhátíð 2025 með margs konar viðburðum. Í Hinsegin félagsmiðstöðinni var haldið Hinsegin Prom, Perluvínir í Frosta gengu út á vináttu, öll frístundaheimilin voru með foreldrakaffi þar sem áhersla var lögð á barnamenningu og samveru. Í félagsmiðstöðvunum 100og1 og 105 voru leiklistahópar að æfa og frumsýndu um vorið. Unglingar úr 100og1 og 105 tóku þátt í vinnustofu USK varðandi að bæta borgina. Ljósmyndasýning Halastjörnnunnar fór fram í samfélagshúsinu Bólstaðarhlíð, Draumaland var með hönnunarverkefni þar sem þau hönnuðu flík og fóru í upptökur í stúdíó, Selið var með tónlistarveislu, sömdu og frumfluttu lög. Frostheimar voru með hæfileikakeppni Undaland með Undrabörn og sirkúsatriði og myndlistasýning, og í Skýjaborgum var sirkús og spuni.

Farsældarvika var í Reykjavík í febrúar. Dagskráin var í formi kynninga, vinnustofa og margvíslegrar fræðslu og er ætlunin að varpa ljósi á innleiðingu farsældarlaganna í Reykjavík.

Reykjavíkurráð Ungmenna fundaði með borgarstjórn Reykjavíkur í janúar og þar lögðu þau fram tillögur til úrbóta í starfi fyrir unglinga og ungmenni. Ungmennaráð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða lagði fram tillögu sem snýr að því að bæta húsnæði félagsmiðstöðva.

Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu?	Helstu niðurstöður mats:
Viðhorf starfsfólks	Könnun Sameykis Stofnun ársins Haust 2024	Starfsfólk svar fyrir sínar starfsstöðvar	✓ Frístundaheimilið Frostheimar 4,815 í 2.sæti og fyrirmyndarstofnun ✓ Frístundaheimilið Selið 4,807 í 4.sæti og fyrirmyndarstofnun ✓ Félagsmiðstöðin 105 4,794 í 5.sæti og fyrirmyndarstofnun ✓ Frístundaheimilið Undralandi 4,776 ✓ Frístundaheimilið Skýjaborgir 4,775 ✓ Frístundaheimilið Draumaland 4,738 ✓ Félagsmiðstöðin Frosti 4,68 ✓ Félagsmiðstöðin Gleðibankinn 4,518 ✓ Félagsmiðstöðin 100og1 4,487 ✓ Frístundaheimilið Halastjarnan 4,486 ✓ Frístundaheimilið Eldflaugin 4,350 Mikil starfsánægja er á starfsstöðum Tjarnarinnar Helstu áskoranir eru hljóðvist, aðstöðumál og launakjör.
Innra mat félagsmiðstöðva	Forstöðumenn mátu starfseiningar eftir viðmiðum og vísbendingum. Forstöðumenn vinna eftir gátlistum um menntastefnu og fylla inn rafrænt.	Forstöðumenn félagsmiðstöðva Starfsfólk Unglingar	Vinna að því að auka rými og aðgengi unglunga að húsnaði með auknu samstarfi við grunnskólana í takt við úttekt á húsnaði félagsmiðstöðva. Vinna að því að bæta rými félagsmiðstöðvanna út frá áherslum Heillaspora. Viljum bæta jákvæða endurgjöf til foreldra í starfi með auknu upplýsingastreymi og fræðslufyrirlestrum. Nota og kynna gæðaviðmiðin árlega í febrúar/mars. Kynna niðurstöður innra mats fyrir öðrum stjórnendum í apríl. Vinna umbótaáætlun fyrir komandi starfsár að vori.
Innra mat frístundaheimila	Forstöðumenn mátu starfseiningar eftir viðmiðum og vísbendingum. Forstöðumenn vinna eftir gátlistum um menntastefnu og fylla inn rafrænt.	Forstöðumenn frístundaheimila Starfsfólk Börn	Efla þarf fræðslu til starfsfólks með aðkomu Torgins, nýr fræðsluvettvangur. Aukinn vinna með umhverfisvitund. Bæta þarf aðstöðu barna og starfsfólks, hljóðvist, loft- og innivist og næðisrými. Nota og kynna gæðaviðmiðin árlega í febrúar/mars. Kynna niðurstöður innra mats fyrir öðrum stjórnendum í apríl. Vinna umbótaáætlun fyrir komandi starfsár að vori.
Sumartarf frístundaheimila	Miðlæg könnun SFS Sumar 2025	Könnun send foreldra barna í sumarstarfi í frístundaheimilum.	97% foreldra lýstu því að barninu liði mjög eða frekar vel í starfinu.



Starf félagsmiðstöðva	Opin könnun félagsmiðstöðva Tjarnarinnar	Könnun send í Mentor á foreldra barna í 8. -10.bekk.	Ánægja með starf félagsmiðstöðvanna: 93% Ánægja með starfsfólk: 90% Ánægja með upplýsingaflæði: 96%
	Opin könnun félagsmiðstöðva Tjarnarinnar	Könnun send í Mentor á foreldra barna í 5.-7.bekk.	Ánægja með starf félagsmiðstöðvanna: 85% Ánægja með starfsfólk: 79% Ánægja með upplýsingaflæði: 89%
	Opin könnun félagsmiðstöðva Tjarnarinnar	Könnun lögð fyrir börn og unglinga á opnunum og samfélagsmiðlum.	Ánægja með starf félagsmiðstöðvanna: 90% Ánægja með starfsfólk: 94% Ánægja með upplýsingaflæði: 96%
Íslensku æskulýðsrannsóknirnar	Lagt fyrir að hausti 2024. Um er að ræða fyrstu niðurstöður ÍÆ.	Börn og unglingar í 8.-10.bekk í grunnskóla í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum.	Hagaskóli 38% Austurbæjarskóli 47% Háteigsskóli 66% Hlíðaskóli 56% Meðaltal í borgarhlutanum 52%
Spurningavagn SFS	Lagt fyrir að vori 2025	Aðastaða í félagsmiðstöðvum Gátlistar eineltis Lausnarteymi Barnaráð Frístundalæsi Menntun starfsfólks	40% félagsmiðstöðva geta ekki tekið á móti öllum unglingum í hverfinu vegna skort á aðstöðu. 60% félagsmiðstöðva getur ekki tekið á móti börnum í 5.-7.bekk í hverfinu vegna skorts á aðstöðu. Flestir forstöðumenn telja aðstöðuna ekki hafa fengið það viðhald sem að þör er á og taka það fram í athugasemdum. 60% félagsmiðstöðva hefur ekki aðgang að íþróttahúsi. 90% starfsfólks þekkir gátlista um einelti og vinnur eftir þeim. Allir forstöðumenn nema forstöðumaður Hinsegin félagsmiðstöðvar eiga fast sæti í lausnarteymi. Hinsegin þjónustar Rvík heild og er boðaður eftir þörfum. 60% forstöðumanna hafa farið með beiðni um ráðgjöf lausnarteymis inn á fund. 100% frístundaheimili hafa barnaráð. 92% frístundaheimila vinna markvisst með frístundalæsi. 40% starfsfólks frístundaheimila hefur lokið háskólagráð68% starfsfólks félagsmiðstöðva hefur lokið háskólagráðu

Umbætur

Helstu umbætur fyrir starfsárið eru unnar upp í viðhorfsmönnum, rannsóknunum og áherslum starfsfólks og unglunga sem koma fram í þátttökustjórnun og þeirri stefnumörkun sem sett er fyrir starfið. Hér eru helstu umbætur talðar upp;

- ★ Áhersla verður sett á virkja samfélagið og fara í áttak í að takast á við aukið ofbeldi og huga sérstaklega að því að taka vel á móti börnum og unglungum með annan tungumála- og menningarbakgrunn. Vinna eftir áttakinu Verum klár.
- ★ Vinnustofur VAXANDI verða teknar upp að nýju á árinu þar sem starfsfólk fær markvissa þjálfun og fræðslu í að vinna faglega. Áhersla verður lögð á sértækt hópastarf með inngildingu að leiðarljósi.
- ★ Innleiðing Heillaspora hefur sitt annað ár í samstarfi við Miðstöð menntunar og skólaþróunar í Miðborginni og aðrir staðir hefja óformlegri innleiðingu.
- ★ Bæta þarf aðstöðu barna, unglunga og starfsfólks hvað varðar hljóðvist og vinna að því að koma starfsemiinni í viðunandi húsnæði en nokkuð hefur áunnist á síðustu árum að bæta aðstöðuna. Auka þarf aðgengi félagsmiðstöðva að íþróttahúsum.
- ★ Aukin nýliðafræðsla færir út á staðina og á Torgið þannig að nýtt starfsfólk þekki betur til vinnureglna og starfshátta Tjarnarinnar.
- ★ Áhersla verður lögð á matvælaöryggi og allt starfsfólk fer á fræðslu tengda því.
- ★ Aukið upplýsingaflæði til foreldra varðandi verndandi þætti uppeldis verður ein af áherslum vetrarins þar sem greina má slaka í félagslegu taumhaldi.
- ★ Fjármálastjórar leggja fram nýtt fjárhagslíka og breyttar forsendur úthlutunar fjármagns.
- ★ Vinna að því að sækja styrki fyrir starfið.

Nánari útlistun og markmiðasetning er sett fram í töflum í aðgerðaráætlun.

Áskoranir, markmið og aðgerðir

Áskoranir, markmið og aðgerðir

Frístundamiðstöð

Þættir	Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Tími	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Fagmennska og samstarf	VAXANDI Aukin seigla Sterkari félags- og tilfinningahæfni Heillaspor (e.Nurture) Aukin fagmennska	Fjórar vinnustofur VAXANDI fyrir starfsfólk. Vinna eftir menntstefnu og frístundastefnu. Vinna í takt við farsældarlögin Heillaspor (e.Nurture) Innleiða Heillaspor og grunnstef þeirrar hugmyndafræði í frístundaheimili og félagsmiðstöðvar í Miðborginni innleitt í samtarfi við MMS.	Stjórnendur	2025-2026	Rýnifundur um gæði fræðslu og þörf á fræðslu meðal starfsfólks. Fjöldi verkefna sem að verða til. Lausnarteymisfundir. Samstarf á miðstöð í tengslum við BBB. Matskvarðar MMS varðandi innleiðingu á Heillasporum.	Aukin velliðan barna, unglinga sýnileg í ÍÆ. Aukin velliðan starfsfólks í starfsmannakönnunum Sameykis. Forstöðumenn sitji lausnarteymisfundi og teymisfundi með grunnskólum. Minni streita og kvíði meðal barna, unglinga og stafsólks. Fjölgun tækja og tóla til að nýta í starfinu. Samstarfssamningar milli grunnskóla og frístundastarfs virkir á öllum stöðum. Reglubundið samstarf á miðstöð, fundað er vikulega. Reglubundið samstarf við MMS varðandi innleiðingu á Heillasporum. Bætt verklag og umgjörð í starfinu.
Fagleg forysta	Framsækin stjórnun þar sem stefna, hlutverk og markmið eru skýr. Stjórnendur og starfsfólk leitast stöðugt við að efla starf og bæta árangur. Stjórnun einkennist af jákvæðu viðhorfi	Vinna eftir menntastefnu, lýðheilsustefnu og frístundastefnu í öllu starfi. Rými fyrir þróunarverkefni og nýsköpun.	Stjórnendur	2025-2026	Viðhorfskönnun meðal starfsfólks, Stofnuna ársins sem lögð er fyrir ár hvert. Viðhorfskannanir um starfið til þjónustuþega. Nota kannanir til að efla og bæta árangur. Gátlistar um heilsueflandi hverfi lagðir til grundvallar 2x á ári.	Halda sömu ánægju starfsfólks í starfi. Virkar upplýsingasíður fyrir starfsfólk eins og Viva Engage og Teams. Minni veikindaförföll og heilbrigðara starfsfólk. Halda í sömu ánægju þjónustuþega með starfið. Mörg framsækin verkefni fari í gang á árinu og séu sýnileg út á við.

	og virku upplýsingastreymi. Heilsueflandi og öruggt vinnuumhverfi.					
Hagkvæm nýting fjármagns	Útgjöld allra starfseininga séu innan fjárheimilda miðað við þá þjónustu sem veita á.	Rammar og úthlutun sé ávallt skýr og tilbúin á réttum tíma. Reglulegir fundir fjármálastjóra með stjórnendum.	Stjórnendur	2025-2026	Fjöldi funda með stjórnendum. Fundir með forstöðumönnum tengt ársfjórðungsuppgjöri.	Góð nýting fjármagns. Að frávik séu innan við 3% Góð innsýn stjórnenda í fjárhagsramma. Opin fjármál og gagnsæ.
